

## 8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Súðavíkurhrepps stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til menningarstarfsemi í hreppnum eftir því sem hreppsnefnd ákveður á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast með þeim.

77

2. apríl

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000 kr.

Mál, sem kunna að rísa út af reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í menntamálaráðuneytinu, 2. apríl 1952.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

## REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

78

2. apríl

## 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem aðgangur er seldur að og eigi eru að lögum undanþegnar skatti.

## 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

## 1. flokkur.

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikar.
- c. Kappleikar og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

## 2. flokkur.

- a. Dansleikar og danssýningar.
- b. Loddara- og fjölleikasýningar.
- c. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru taldar hér sérstaklega.

## 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10%, en 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margbætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður. Skatturinn er hundraðshluti af inngangseyri.

## 4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til styrktar listum o. s. frv.

78

2. apríl

5. gr.

Hreppsnefnd Háshrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið til þess sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, sem nota á við skemmtunina.

Eigi seinna en tveimur dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, sem fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið. Oddviti eða eftirlitsmaður skemmtana getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn; ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renni í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Háshrepps stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til menningarstarfsemi í hreppnum, eftir því sem hreppsnefnd ákveður á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum.

Mál, sem kunna að rísa út af reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í menntamálaráðuneytinu, 2. apríl 1952.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Ásgeir Pétursson.*